

Selfossi, 9. apríl 2021
21041151

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024

Að mati fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Árborgar er framkvæmdaáætlunin metnaðarfull og umfangsmikil. Mikilvægt er að tryggja að henni fylgi nægjanlegt fjármagn svo unnt sé að framkvæma hana auk þess er góð eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni nauðsynleg.

Sveitarfélagið Árborg er orðið fjölmenningsleg sveisarfélag og samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2020) hefur fjöldi erlendra ríkisborgara tvöfaldast á síðustu fimm árum. Nú búa um 830 manns með erlent ríkisfang í sveitarfélaginu, auk fjölda íbúa með fjölmenningslegan bakgrunn sem eru komnir með íslenskan ríkisborgararétt. Fjölskyldusvið Árborgar hefur að undanfögnu stigið mörg og mikilvæg skref í að gera þjónustuna við þennan fjölbreytta hóp betri og markvissari en þessi framkvæmdaáætlun getur án efa stuðlað að frekari eflingu málaflokksins. Á sama tíma viljum við hér á fjölskyldusviði Árborgar lýsa yfir vilja okkar til að miðla þekkingu okkar og reynslu sem getur nýst í umbótastarfi í þessum málaflökki á landsvísu.

Af hálfu fjölskyldusviðs Árborgar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024:

A. Samfélagið

Ýmis þjónusta stendur til boða fyrir einstaklinga með fjölmenningslegan bakgrunn á vegum Sveitarfélagsins Árborgar sem og annarra stofnana og félagasamtaka í sveitarfélaginu. Má nefna bókasöfn, Klúbbinn Strók sem býður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla sem vilja vera virkir þátttakendur í samfélaginu, hittingar á vegum Rauða Krossins og íslenskukennslu sem Fræðslunet Suðurlands býður upp á. Síðastliðið ár hafa sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 leitt til skertrar þjónustu, en á sama tíma sýnt að á óvissutímum sem þessum sé samstaðan, þjónusta og upplýsingagjöf fyrir alla íbúa nauðsynleg. Í nýlegri þarfagreiningu kom í ljós að helstu áskoranir fyrir aukinni þátttöku og eflingu íbúa af erlendum uppruna á svæðinu eru atvinnuleysi og félagsleg einangrun, skortur á upplýsingum um réttindi í íslensku samfélagi og rangar hugmyndir eða

Fjölskyldusvið

skortur á trausti til stofnana sem byggir oft á þekkingarleysi eða neikvæðri reynslu úr heimalandi.

Síðastliðinn vetur var settur upp upplýsingavefur um fjölmenningu í Árborg (fjolmenning.arborg.is) sem nýtist bæði einstaklingum með fjölmenningarlegan bakgrunn sem og þeim sem starfa í málefnum innflytjenda, m.a. starfsmönnum skóla- og félagsþjónustu. Vefurinn skiptist í fimm málaflokka: Íbúar í

Árborg, samfélag, atvinna, menntun og heilsa, þar sem hægt er að finna grunnupplýsingar um ýmsar stofnanir, þjónustu og réttindi sem og hlekki á vefsíður með ítarlegri upplýsingum fyrir alla aldurshópa. Upplýsingavefurinn er aðgengilegur á íslensku, ensku og pólsku, en við ákvörðun um val á tungumálum var tekið tillit til algengustu tungumála sem töluð eru í sveitarfélaginu.

A.1. Mótun stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar

Fjölskyldusvið Árborgar fagnar áætlun um gerð Grænbókar og leggur áherslu á mikilvægi langtímastefnu þar sem hugmyndafræði, hugtök og hlutverk allra aðila sem starfa í málefnum innflytjenda eru vel skilgreind og útskýrð. Fjölskyldusvið Árborgar er tilbúið að taka þátt í mótun stefnunnar og bjóða fram þekkingu og reynslu sem er til staðar á fagsviðinu.

A.2. Ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur

Fjölskyldusvið Árborgar fagnar opnun ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur en óskar eftir skýrari skilgreiningu á hlutverki sveitarfélaga sem samstarfsaðila í þessu verkefni.

A.4. Fræðsla til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga

Fjölskyldusvið Árborgar tekur undir að þörf sé á frekari fræðslu og samráði milli sveitarfélaga og Fjölmenningarseturs. Mikilvægt er að skapa rými á þessum vettvangi til að kortleggja og ræða mismunandi þarfir milli sveitarfélaga og vinna sameiginlega að lausnum. Afurð/niðurstaða verkefnisins gæti einnig verið sameiginlegt svæði á netinu til að deila fræðsluefni/upplýsingum.

A.5. Fjölmenningarstefnur og móttökuáætlanir sveitarfélaga

Gæta þarf að því að fjölmenningsrjónarmið og hagsmunir innflytjenda séu samþættir í stefnumótunarvinnu sveitarfélagana, en á sama tíma er nauðsynlegt að tryggja fjármagn og mannaafli til að framfylgja þessu máli eftir af þeim krafti sem til þarf svo þjónusta sveitarfélaga við innflytjendur eflist í raun. Æskilegt væri að komið verði á samstarfi Fjölmenningarseturs og Jafnréttisstofu um stuðning við sveitarfélög sem hyggjast samþætta fjölmenningarstefnu og jafnréttisáætlanir skv. lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála.

A.6. Fræðsla og upplýsingar um íslenskt samfélag verði aðgengilegar á helstu tungumálum innflytjenda á Íslandi

Skýra þarf nánar hvernig verður staðið að fræðslu í mismunandi sveitarfélögum, en mikilvægt er að fræðsluaðili þekki vel þarfir og svæðisbundnar aðstæður innflytjenda.

A.7. Samfélagstúlkun

Fjölskyldusvið Árborgar sér sannarlega þörf á að efla túlkunþjónustu á Suðurlandi – bæði hvað varðar aðgengi og gæði, en dæmi eru um að túlkar skorti sérhæfða þekkingu og skilning á orðaforða sem notaður er á menntunar- og heilbrigðissviði og getur það leitt til misskilnings.

Fjölskyldusvið

Til að tryggja gæði túlkabjónustu leggur fjölskyldusvið Árborgar til að þróað verði stöðupróf sem lagt verði fyrir alla túlka sem starfa eða hyggjast starfa í túlkabjónustu hjá hinu opinbera. Hvað varðar aðgengi túlkabjónustu, þá væri mögulegt að bjóða upp á námskeið fyrir fólk með þekkingu á öðrum tungumálum sem vilja mennta sig í túlkafraeðum á vegum sveitarfélaga/símenntunarmiðstöðva.

B. Fjölskyldan

Aukabarf aðgengi að fjölbreyttri sálfræðipjónustu utan höfuðborgasvæðisins og þá einnig á fleiri tungumálum. Dæmi eru um sálfræðinga með menntun erlendis frá sem lenda í erfiðleikum við að fá menntun sína metna og öðlast starfsleyfi hér á landi. Endurskoða þarf umsóknarferli og styðja við þennan hóp svo að menntun, þekking og tungumálakunnátta þeirra geti nýst betur til stuðnings við innflytjendur.

B.1. Þátttaka barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi

Mikilvægt er að efla fræðslu til foreldra í leik- og grunnskólum. Gott dæmi um slíka fræðslu á leikskólastigi er samstarfsverkefni skólabjónustu Árborgar og Skóla- og velferðarbjónustu Árnesþings. Haustið 2019 voru haldnir fræðslufundir ætlaðir foreldrum af erlendum uppruna sem eiga barn í leikskóla. Tilgangurinn var að foreldrar fengju tækifæri til að fræðast um leikskólastarf og helstu áherslur í íslenskum leikskólum. Einnig hefur verið fræðslufundur fyrir starfsfólk af erlendum uppruna sem starfa í leikskólum. Allir ofangreindir fræðslufundir fóru fram á íslensku, pólsku og ensku. Fyrirhugað er íslenskunámskeið fyrir foreldra af erlendum uppruna í grunnskólum Árborgar þar sem áhersla verður lögð á fræðslu um skólamál, einkum um mikilvægi þátttöku barna í tómskundastarfi og leiðir til að skrá börn í frístundir. Eitt af verkefnum fjölskyldusviðs Árborgar á næstunni er að kortleggja þátttöku barna af erlendum uppruna í tómskundastarfi.

B.2. Ungmennni af erlendum uppruna sem eru hvorki í vinnu né í námi (NEET)

Mikilvægt er að huga betur að félagslegum og námslegum þörfum ungmenna af erlendum uppruna, sérstaklega þeirra sem flytja til landsins á unglingsárum. Dæmi eru um að þeir eigi erfitt með að ná tókum á íslensku og tengjast samnemendum sínum og hverfa því úr námi. Styrkja þarf íslenskukennslu sem og námslegan og félagslegan stuðning við þennan hóp, sérstaklega á framhaldsskólastigi, t.d. með því að bjóða upp á mentorakerfi.

B.3. Fötluð börn af erlendum uppruna og stuðningur við aðstandendur þeirra

Efla þarf fræðslu til foreldra á fleiri tungumálum, en vinna í tengslum við viðhorf foreldra er oft mikilvægt fyrsta skref í átt að betri þjónustu og samvinnu.

Dæmi eru um rangar greiningar fjöltyngdra barna, þ.e. í einhverjum tilfellum þar sem barnið er tiltölulega nýkomið til Íslands og hefur ekki enn náð tókum á íslensku er það greint með málproskaröskun. Huga þarf því að heildstæðri nálgun varðandi greiningu sem tekur einnig mið af t.d. stöðumati fyrir erlenda nemendur.

B6. Ofbeldi

Nýlega var nýrri þjónusta fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi komið á laggirnar, Sigurhæðir, og hefur Árborg auk annarra sveitarfélaga og samtaka veitt stuðning við að koma úrræðinu á fót. Fagnar sveitarfélagið þessari auknu þjónustu við íbúa á svæðinu. Þar er lögð áhersla á góðar upplýsingar fyrir alla t.d. með dreifingu bæklinga á nokkrum tungumálum og endurgjaldslausu túlkabjónustu. Fjölskyldusvið Árborgar tekur undir mikilvægi aukinnar fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis til starfsfólks í framlínustörfum og sérfræðinga en

Fjölskyldusvið

mikilvægt er að þeir sem sinna þjónustu við innflytjendur eigi auðvelt með að greina, séu öruggir með hvernig skuli vinna með þjónustuþegum og hvert skuli vísa málum áfram hverju sinni.

C. Menntun

Aukin samvinna þvert á skólastig er mikilvæg í þróun skólakerfis sem er aðlagð að fjölbreyttum nemendahópi. Árið 2015 var stofnað fjölmeningarteymi í Árborg skipað fulltrúum frá öllum leik- og grunnskólum Árborgar auk fulltrúa frá Fjölbautaskóla Suðurlands og frá skólaþjónustu og félagsþjónustu Árborgar. Fjölmeningarteymið hefur meðal annars unnið að gerð fjölmeningarhandbókar og samþættingu þjónustu í sveitarfélaginu.

C.1. Mat á fyrri þekkingu

Frá haustinu 2016 hafa sveitarfélögin Árborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær verið í faglegu samstarfi um þýðingu og staðfæringu á stöðumatstæki sem notað hefur verið með góðum árangri í Svíþjóð. Stöðumatið er aðgengilegt öllum á vef Menntamálastofnunar. Markmið með stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og aðlagð kennslu að þörfum og þekkingu nemandans. Stöðumatið er lagt fyrir nemanda á hans sterkasta tungumáli. Efnið er ætlað grunnskólum en það er einnig hægt að nota á framhaldsskólastigi. Stöðumatið fyrir leikskóla er í vinnslu með þátttöku fjögurra tilraunaskóla. Stýrihópur verkefnisins mun áfram svara kalli sveitarfélaga, halda kynningarnámskeið og vera kennurum innan handar varðandi fyrirlögn ásamt því að vinna að frekari innleiðingu á faggreina- og leikskólahluta stöðumatsins. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sýnt áhuga á stöðumatstækinu en eins og áður er hefur komið fram þarf að vanda vel til verka í greiningarvinnu með nemendum af erlendum uppruna.

C.3. Stuðningur við móðurmál og virkt fjöltyngi

Fjölskyldusvið Árborgar er sammála um að samstarf ofangreindra aðila er mikilvægt en leggur til að allir nemendur af erlendum uppruna njóti stuðnings við eigin móðurmál og virkt fjöltyngi. Ýmis góð dæmi um slíkt samstarf eru í sveitarfélaginu: Verkefnið „Lærum saman“ er samstarfsverkefni milli félags eldri borgara í Árborg, fjölskyldusviðs og grunnskóla Árborgar um eflingu lesturs fjöltyngdra nemenda í 4.-7. bekk. Samstarfsverkefnið „Lesum saman“ milli Rauða Krossins, fjölskyldusviðs, frístundaheimila og grunnskóla Árborgar styður við lestur tvítyngdra nemenda í 1.-3. bekk. Þessi samstarfsverkefni eru til hagsbóta fyrir skólastarfið í anda skóla margbreytileikans og menntunar fyrir alla.

C.4. Íslenskunám fullorðinna innflytjenda

Fjölskyldusvið Árborgar fagnar þess að fyrirhugað sé að þrepaskipta hæfnilýsingu í íslensku fyrir útlendinga á grundvelli evrópska tungumálarammans en huga þarf að gæðum og eftirliti með íslenskukennslu.

Einnig þarf að leggja meiri áherslu á hagnýtt íslenskunám fyrir fólk af erlendum uppruna en dæmi um slíka áherslu er fyrirhugað íslenskunámskeið fyrir foreldra barna á grunnskóla-aldri í Árborg. Þar verður einkum lögð áhersla á skólaorðaforða en reynslan sýnir að oft er hann takmarkaður hjá foreldrum barna af erlendum uppruna.

C.5. Fjölgun kennara af erlendum uppruna

Fjöltýngdir kennarar eru mikilvæg auðlind skólans. Efla þarf samstarf milli sveitarfélaga og háskóla, en fyrstu skrefin gætu verið að greina þörfina á hverju landsvæði og styðja núverandi starfsmenn leik- og grunnskóla af erlendum uppruna, t.d. stuðningsfulltrúa, skólaliða og háskolamenntað starfsfólk við að leggja stund á háskólanám í leik- og grunnskólakennarafræðum.

D. Vinnumarkaður

D.2. Hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum

Mikilvægt er að safna markvisst saman tölfræðilegum upplýsingum um hlutfall innflytjenda í opinberum störfum, m.a. hjá sveitarfélögum. Það ætti að auðvelda það verkefni að koma fjölmenningarlegum sjónarmiðum inn í ráðningarferli og nýta betur þann mikla mannauð sem er til staðar í viðkomandi sveitarfélagi.

E. Flóttafólk

Þörf er á aukinni og einstaklingsmiðaðri samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn, oftast en einu sinni eftir komuna til Íslands. Reynsla Sveitarfélagsins Árborgar sem og annara sveitarfélaga sýnir að þegar u.þ.b. hálf til eitt ár er liðið af móttökuverkefni og einstaklingar byrja að fóta sig í samfélaginu koma margar áskoranir fram í dagsljósið og fjölmargar nýjar spurningar vakna. Flóttamenn eru oft undir miklu álagi m.a. vegna þess að kvótaflóttafjölskyldur reyna að fá fullorðin börnin sín eða foreldra til Íslands. Fjölskyldur eru því stundum með hugann í heimalandinu, en á sama tíma auki það líkur á farsælli fjölskyldusameiningu ef fjölskyldan nær að koma sér vel fyrir á Íslandi hvað varðar nám, vinnu og félagslega þátttöku. Því þarf að huga betur að þessum þáttum.

E.2 Handbók um móttöku og þjónustu við flóttafólk

Sveitarfélagið fagnar gerð handbókar af þessu tagi og tekur undir mikilvægi þess að fagfólk hafi góða þekkingu og aðgengilegar leiðbeiningar. Árborg sem móttökusveitarfélag er tilbúið að taka þátt í þessari vinnu.

E.4. Fræðsla til flóttafólks og fagaðila sem koma að þjónustu við flóttafólk

Mikilvæg er að endurtaka reglulega fræðslu til fagaðila og flóttafólks. Fjölskyldusvið Árborgar er sammála um mikilvægi fræðslu fyrir geðheilsuteymið á svæðinu, sérstaklega varðandi áfallastreituraskanir sem flóttamenn glíma oft við, en eins og staðan er núna þá þurfa þeir að sækja úrræði á höfuðborgarsvæðinu.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Að lokum viljum við undirrituð koma því á framfæri að mikilvægt er að hafa í huga stöðu annarrar kynslóðar innflytjenda, þ.e. barna innflytjenda sem fædd eru á Íslandi en hafa ekki náð góðum tókum á íslensku þrátt fyrir að hafa verið í íslensku skólakerfi. Þörf er á fleiri rannsóknum á þessu sviði og kortlagningu á námsstöðu þeirra og hvernig skólakerfið styður þau í námi, einkum í íslenskunámi í leikskóla.

Ítreka skal viðkvæma stöðu innflytjenda sem flytja til Íslands á unglingsárum, en tryggja þarf markvissa íslenskukennslu og kennslufni fyrir þennan hóp sem og félagslegan stuðning á efstu stigum grunnskóla og í framhaldsskóla. Einnig þarf að huga betur að félagslega einangruðum einstaklingum sem standa utan við vinnumarkaðinn og öldruðu fólki af erlendum uppruna. Leita þarf allra mögulegra leiða til að miðla upplýsingum til þessara þjóðfélagshópa og efla þá til félagslegrar þátttöku.

Virðingarfyllst, f.h. fjölskyldusviðs Árborgar

Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu
Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna
Anna Ingadóttir, deildarstjóri skólaþjónustu
Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagþjónustu
Guðrún Svala Gísladóttir, teymisstjóri ráðgjafateymis
Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs